

Norðurþing
b/t Gaukur Hjartarson
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík 21. maí 2019
UST201904-310/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Útivistarsvæði við Reyðarárhjúk- Norðurþing

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði við Reyðarárhjúk í Norðurþingi.

Í greinargerð kemur fram að helsta markmið deiliskipulagsins er að skilgreina uppbyggingu útivistar- / skíðasvæðis (O4) við Reyðarárhjúka í Norðurþingi. Auk þess kemur fram að í deiliskipulaginu verður afmarkaður byggingareitir fyrir hús og vélageymslur ásamt staðsetningu skíðalyfta og helstu skíðabrauta á svæðinu, jafnframt því sem afstaða verður tekin til legu skíðagöngubrautar og hjólreiða á svæðinu.

Í greinargerð kemur einnig fram að skíðasvæðið er staðsett innan grannsvæðis vatnsverndar. Einnig kemur fram að unnið hefur verið greinargerð um vatnsverndarsvæðið og verða upplýsingar úr henni nýttar til að meta möguleg áhrif og hvaða skilyrði fylgja starfsemi sem þessari innan vatnsverndarsvæða

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur